

**Reykjavík 7. apríl 2012.**

**Umsögn um þingsmál 227 á 140 þingi Alþingis - tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.**

Ég undirrituð sendi inn athugasemdir við rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúruauðlinda þegar hún lá fyrir og andæfði þá fyrst og fremst virkjunaráformum í neðri hluta Þjórsár. Það var á grundvelli þess illa gruns sem staðfestur var með því plaggi að rammaáætlun snerist meira um virkjunarkosti en náttúruvernd. Við lestur tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða er þetta orðið morgunljóst, enda hefur vinnan við bæði þessi plögg lengst af verið á forræði iðnaðarráðherra.

Rammaáætlun og nú þingsályktun á grunni hennar snýst um virkjunarkosti og skammfenginn gróða í stað skuldbindinga núlifandi Íslendinga við komandi kynslóðir. Flokkun ómetanlegra náttúruverna í þessari tillögu, þess dýrmætasta sem íslensk þjóð á í nútíð og framtíð, endurspeglar alfarið forgangsroðun orkugeirans. Þeim auði, sem okkur Íslendingum er skylt að varðveita, er skipað í orkunýtingarflokk, biðflokk og verndarflokk og alltaf í ljósi virkjunarkosta. Við, sem sjáum ekki kostina í áframhaldandi stóriðjustefnu í þessu landi, megum því áfram berjast fyrir verndun einstæðrar náttúru sem fellur undir tvo fyrstu flokkana, en anda léttar yfir því að náttúruverðmæti eins og vatnasvið og nánasta umhverfi Jökulsár á Fjöllum, fái nú loksins fulla vernd. Rétt er í þessu samhengi að benda á að umhverfisvernd snýst líka um að náttúran sjálf eigi sinn rétt og að það eru mannréttindi að fá að njóta óspilltrar náttúrugæða, sbr. tillaga stjórnlagabings til nýrrar stjórnarskrár Íslands. Í því ljósi má líta á verndun náttúrugæða sem framtíðarnýtingu og því ofangreind flokkun skv. þingsályktun alls gagnslaus. Sagan sýnir að nýta má jarðhitasvæði og vatnsföll til margs annars og arðbærara en raforkuframleiðslu, s.s. til grænnar ferðamennsku.

Augljóst má telja að þeim náttúrusvæðum sem hér er skipað í biðflokk eru þar sem pólitísk málamiðlun. Því má gera ráð fyrir að við endurskoðun áætlunarinnar verði þeir kostir sem þar eru listaðir allt eins settir í nýtingarflokk. Það gildir m.a. um neðri hluta Þjórsár þar sem listaðir eru þrír virkjunarkostir og Urriðafoss er enn undir. Það gildir um Skjálfanda þar sem listaðir eru tveir virkjunarkostir og annar við Hrafnabjörg í ómetanlegri náttúru. Ég mælist til þess að þessir virkjunarkostir verði fluttir í verndarflokk.

Sárast er þó að sjá í þessari þingsályktun hvaða náttúrusvæðum menn kjósa að fórna í nýtingarflokkinn, s.s. á Reykjanesi og við Þeistareyki, án þess að færð séu fyrir því nokkur haldbær rök. Ég sé enga brýna ástæða til þess að fórna þeim einstæðu náttúruvernum á heimsvísu sem þar er að finna til orkunýtingar. Sú orka, sem þar mætti nýta, er ekki ótakmörkuð og hún mun ekki duga til að knýja álbræðslur eins og haldið hefur verið fram. Það er ofmat. Sjá grein Sigmundar Einarssonar þar um:

<http://blogg.smugan.is/sigmundur/2011/08/23/rammaaetlun-%e2%80%93-serkennileg-stada-i-krysuvik/>

Hvað hefur orðið um hugmyndir um einstæðan eldfjallagarð á Reykjanesi, græna ferðamennsku og grænt hagkerfi? Hví er nú orðið svo brýnt að tefla Reykjanesi fram í nýtingarflokki, dýrmætu og einstöku náttúrusvæði sem áður naut verndar? Hví eru hinir einstæðu Þeistareykir komnir í nýtingarflokk? Hvað liggur hér að baki? Er álver í

Helguvík og á Bakka enn á dagskrá? Á að freista þess að knýja þau með þessum fórnarkostnaði? Ekki hefur verið skoðað hvort þessi forgangsröðun byggi á vilja meirihluta íslenskrar þjóðar. Ekki er fullrannsakað hvort og hve lengi orkan mun nýtast og augljóst að starfsemi á háhitasvæðum framkallar óafturkræf náttúruspjöll. Samfélagsleg áhrif virkjana á þessum svæðum eru jafnframt órannsökuð og ekkert mat lagt á hvort meiri ávinningur væri af því að vernda þau til frambúðar, s.s. sem hluta af þjóðgarði. Ég mælist til þess að ofangreindir virkjunarkostir sem skv. þingsályktuninni eru í nýtingarflokki verði tafarlaust settir í bið- eða verndarflokk og þeir rannsakaðir til fullnustu áður en það stóra skref er tekið að heimila óafturkræfa röskun á einstæðri náttúru, náttúru sem okkur ber skylda til að vernda til framtíðar.

Þingsályktun á grunni rammaáætlunar sem nú liggur fyrir mun ekki stuðla að sátt í þessu landi. Verndun íslenskrar náttúru er besta nýtingin!

Virðingarfyllst, Sigrún Björnsdóttir (kt. 1909565399), Hávallagötu 1, 101  
Reykjavík.netfang sigrunb@radvis.is

Sátt og framtíð